



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Fjarfundur í AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

Fundur 26. október 2020 kl. 13:00

Mætt: Grímur Hergeirsson (LSS), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Gunnar Schram (LSS), Sigurgeir Ó. Sigmundsson (LSS), Arngrímur Guðmundsson (LSS) Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Kjartan Már Kjartansson (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD), Ásgeir Eiríksson (Vogar).

1. Grímur Hergeirsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundarins. Engar sérstakur upptækur síðan síðast.
2. Bjarney fór yfir stöðuna í almennu deildinni. Gengur vel, eftirlit öflugt og margir Bandríkjamenn hjá okkur
3. Sigurgeir fór fyrir að mikið væri að gera í smitrakningu og á laugardag kom stór hópur Pólverja sem tilheyra nýju hópsmiti á landamærum. Ræddi það að skoða ætti að skylda menn í 14 daga í sóttkví.
4. Ásgeir, bæjarstjóri í Vogum fór yfir að staðan væri góð. Tók saman tölfraði og sagði að það væri örþolið áhyggjuefni hvað margir væru í einangrun í Vogum. Hann vakti athygli á því að þetta hlutfall væri hækkandi og styrkir þá í því að þeir sýni varkárni í aðgengi að stofnunum sveitarfélagsins.
5. Fannar bæjarstjóri í Grindavík tók næstur til máls. Fór aðeins yfir það að fólk hefði áhyggjur af fjölda Pólverja sem væru að koma sýktir til landsins. Fagnar því ef herða á reglurnar.
6. Grímur talaði um að þessi mál væru í skoðun og ákvörðun um breytingu á þessu þarf að koma frá sóttvarnarlækni.
7. Magnús, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ sagði að staðan væri góð, eitt smit í 250. Sagði að þau væru að endurskoða ákvörðun sem tekin var að leyfa lokaða tíma í þreksalnum. Það á að funda um þetta á eftir en líklegt að þessi ákvörðun verði dregin til baka.
8. Kjartan Már, bæjarstjóri Reykjanesbæjar fór yfir að staðan hjá þeim væri svipuð og hefur verið. Hann ræddi að atvinnurekandi hefði haft samband við sig fyrr í sumar og hefði haft áhyggjur af Pólverjum og afstöðu þeirra til þessara takmarkana.
9. Margrét Kristín kom með það til fundarins að á Covid.is séu allar reglur á pólsku um skilaboðin sem eru í gildi. Búið er að vekja ítrekaða athygli á þessu við sóttvarnarlækni.
10. Sigurgeir bætti því við að allir þeir sem koma til landsins fái ítarlegar leiðbeiningar á pólsku og þar er m.a. vísað á covid.is
11. Jón Guðlaugsson tjáði að allt gengi vel á þeirra vinnustað. Þeir væru fluttir búferlum í nýja slökkvistöð og það gerði þeim auðveldara fyrir að tryggja góðar aðstæður fyrir starfsmenn.
12. Arnar Steinn fór yfir að staðan væri mjög góð en fengu útkall á hæsta forgangi sl. laugardag. Þar hafi reynt á TEAMS og reyna að koma upp stjórnun á fjarfundarformi.

Grímur ítrekað að allir færu yfir það með sínu starfsfólki að mæta ekki til vinnu ef einhver einkenni væru til staðar.

Fundi slitið klukkan 13:27.

Bjarney S. Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn